

6. gr.

Lögreglustjóri getur í einstökum tilvikum heimilað rýmri sölutíma en segir í samþykkt þessari þegar hann telur sérstaka ástæðu til, m. a. þegar ágóði af sölu skal renna til almenningsheilla eða góðgerðarstarfsemi.

7. gr.

Fyrir leyfi skv. b. og d. liðum 2. gr. skal árlega greiða gjald í sveitarsjóð skv. ákvörðun hreppsnefndar. Ef leyfishafi brýtur samþykkt þessa eða skilyrði, sem hreppsnefnd, heilbrigðisnefnd eða lögreglustjóri setja fyrir leyfi, greiðir ekki á gjalddaga eða rekstur sölustaðar þykir ekki fara vel úr hendi, getur sveitarstjórn svipt hann leyfinu, enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörun.

8. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum. Með mál út af brotum á samþykktinni skal farið að hætta opinberra mála.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Patrekshrepps hefur gert með heimild í 1. gr. laga nr. 17 1. febrúar 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða, staðfestist hér með samkvæmt 3. gr. sömu laga til að öðlast gildi þegar í stað, þó með þeim takmörkunum sem lög nr. 45 15. júní 1926 um almannafríð á helgidögum þjóðkirkjunnar setja.

Jafnframt er úr gildi felld samþykkt nr. 272, 4. maí 1981, um afgreiðslutíma verslana á Patreksfirði.

Félagsmálaráðuneytinu, 20. janúar 1987.

Alexander Stefánsson.

Pórhildur Línal.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 480/1983 um iðgjöld atvinnurekenda til að standa straum af kostnaði vegna framkvæmda laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Hundraðshluti iðgjalds á árinu 1987, vegna tekjuársins 1986, skal nema 0,103% af gjaldstofni samkvæmt 2. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt 77. gr. laga nr. 46/1980, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 231 18. apríl 1986.

Félagsmálaráðuneytinu, 2. febrúar 1987.

Alexander Stefánsson.

Óskar Hallgrímsson.